

Fylgiskjal 1

Starfaflokkun

Starfaflokkun samkvæmt kafla 3 í stofnanasamningi.

- Starfsmaður 1:** Starfsmaðurinn er byrjandi í starfi. Vinnur undir leiðsögn eða umsjón reynds fagaðila. Ber ábyrgð á þeim störfum sem honum eru falin. Starfsmaður skal að hámarki flokkast sem starfsmaður 1 í sex mánuði. **Launaflokkur 2**
- Starfsmaður 2:** Starfsmaðurinn er kominn vel á veg í starfi. Hann er fær um að vinna sjálfstætt án beinnar tilsagnar. Leitar leiðsagnar við flókin viðfangsefni. Er fær um að vinna vaktavinnu ef þannig stendur á. Skipuleggjur störf annarra starfsmanna þar sem við á, og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Ber ábyrgð á og metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir. Leiðbeinir nýju starfsfólki og nemum. Getur haft umsjón með starfseiningu utan dagvinnutíma. **Launaflokkur 3**
- Starfsmaður 3:** Starfsmaðurinn er fær í starfi. Starfsmaður stjórnar, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Er fær um að vinna vaktavinnu ef við á. Samhæfir þjónustu margra aðila. Skipuleggur störf annarra starfsmanna, útteilir verkefnum og veitir fræðslu. Leiðbeinir nýju starfsfólki og nemum. Ber ábyrgð á starfseiningu, starfsemi, starfsmönnum og þjónustu í fjarveru yfirmanns, einkum utan dagvinnutíma. Tekur virkan þátt í rannsóknnum og þróunarverkefnum. Tekur virkan þátt í þróun skipulags og stjórnun starfseiningar. **Launaflokkur 4**
- Starfsmaður 4:** Starfsmaðurinn er mjög fær í starfi. Starfsmaður getur unnið mjög sjálfstætt og skipulagt störf annarra. Er fær um að taka vaktir ef við á. Samhæfir þjónustu margra aðila. Skipuleggur störf annarra starfsmanna og veitir fræðslu. Ber ábyrgð á starfseiningu, starfsemi, starfsmönnum og þjónustu í fjarveru yfirmanns. Leiðbeinir nýju starfsfólki og skipuleggur kennslu nema. Tekur virkan þátt í þróun skipulags og stjórnun starfseiningar. Sé starfsmaðurinn skilgreindur sem fastur staðgengill yfirmanns ber hann ásamt honum ábyrgð á verkefnum er lúta að skipulagi og stjórnun starfseiningarinnar. **Launaflokkur 5**
- Sérfræðingur 1:** Starfið krefst þess að starfsmaður sé vel fær í starfi. Hann hefur sérstaka viðurkennda færni sem nýtist í starfi. Hann starfar við

verkpætti sem krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar.
Launaflokkur 7

Sérfræðingur 2: Starfið krefst þess að starfsmaður sé mjög vel fær í starfi. Hann hefur sérstaka viðurkennda færni sem nýtist í starfi. Hann er fær um að sinna sérstökum tilteknum verkefnum, stýra þeim og vinnu annarra. Hefur umsjón með ákveðnum verkefnum eða mörgum smærri verkþáttum og ber á þeim faglega ábyrgð. **Launaflokkur 8**

Sérfræðingur 3: Starfið krefst þess að starfsmaður sé mjög vel fær í starfi. Hann hefur sérstaka viðurkennda færni sem nýtist í starfi. Hann sinnir og ber faglega ábyrgð á umfangsmiklum, sérhæfðum verkefnum sem unnin eru í þágu stofnunar. Tekur virkan þátt í öflun upplýsinga og áætlanagerð í samráði við stjórnendur stofnunarinnar. **Launaflokkur 9**

Deildarstjóri 1: Deildarstjóri sem hefur ekki mannaforráð að öllu jöfnu. Hann ber fjárhagslega ábyrgð gagnvart næsta yfirmanni. Á einingunni er einfalt vinnuskipulag og einungis dagstarfsemi. Deildarstjóri hefur samvinnu við hópa utan og innan stofnunarinnar, um fagleg og stjórnunarleg atriði, þegar það á við. **Launaflokkur 7**

Deildarstjóri 2: Deildarstjóri sem hefur allt að 10 starfsmenn undir sinni stjórn. Hann ber fjárhagslega ábyrgð gagnvart næsta yfirmanni. Eining undir stjórn deildarstjóra 2 er ekki opin allan sólarhringinn, heldur felst starfsemi deildarinnar utan hefðbundins dagvinnutíma í tilfallandi vöktum/bakvöktum. Samvinna við hópa utan og innan stofnunarinnar, um fagleg og stjórnunarleg atriði er nauðsynleg. **Launaflokkur 8**

Deildarstjóri 3: Deildarstjóri sem hefur fleiri en 10 starfsmenn undir sinni stjórn. Hann axlar meginábyrgð á stjórnunarlegum viðfangsefnum. Hann ber fjárhagslega ábyrgð gagnvart næsta yfirmanni. Deildin er opin allan sólarhringinn. Mikil samvinna er við hópa utan og innan stofnunarinnar um fagleg og stjórnunarleg atriði. **Launaflokkur 9**

Fagst./fr.kv.st: Fagstjóri/framkvæmdastjóri. Sinnir fyrst og fremst stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunarinnar. Ber auk þess ábyrgð á samskiptum við ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki. **Launaflokkur 11**

Tengingar við eldri röðunarkerfi.

Hér að neðan eru eldri starfsheiti úr fyrri stofnanasamningum viðkomandi BHM félaga tengd við ný starfsheiti samkvæmt nýjum stofnanasamningi.

Félag geislafræðinga		
Nýtt starfsheiti	Fyrri starfsheiti	Starfslýsing
Starfsmaður 1	Geislafræðingur 1	Geislafræðingur 1
Starfsmaður 2	Geislafræðingur 2	Geislafræðingur 2
Starfsmaður 3	Geislafræðingur 3	Geislafræðingur 3
Starfsmaður 4	Geislafræðingur 4	Geislafræðingur 4
Stjórnandi 2	Deildarstjóri	Yfirgeislafræðingur

Félag lífeindafræðinga		
Nýtt starfsheiti	Fyrri starfsheiti	Starfslýsing
Starfsmaður 4	Deildarmeinataeknir 1	Verkefnastj./einingarstj.
Starfsmaður 4	Deildarmeinataeknir 2	Staðgengill yfirlífeindafr.
Stjórnandi 2	Yfirmeinataeknir	Yfirlífeindafræðingur

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga		
Nýtt starfsheiti	Fyrri starfsheiti	Starfslýsing
Starfsmaður 1	Hjúkrunarfræðingur A	Starfslýsing 1
Starfsmaður 2	Hjúkrunarfræðingur B	Starfslýsing 1
Starfsmaður 3	Hjúkrunarfræðingur C	Starfslýsing 2
Starfsmaður 4	Hjúkrunarfræðingur D	Starfslýsing 3
Starfsmaður 3	Naturvaktahjúkrunarfr.	S. starfslýsing
Starfsmaður 4	Naturvaktahjúkrunarfr.	S. starfslýsing
Sérfræðingur	Hjúkrunarfræðingur E	S. starfslýsing
Sérfræðingur 1	Fræðslustjóri	Fræðslustjóri
Stjórnandi 1	Deildarstjóri	Starfslýsing 4
Stjórnandi 2	Deildarstjóri	Starfslýsing 4
Stjórnandi 3	Deildarstjóri	Starfslýsing 4
Fagstjóri/Frkv.stj.	Hj. framkvæmdastjóri	S. starfslýsing

Stéttarfélag sjúkrabjálfa		
Nýtt starfsheiti	Fyrri starfsheiti	Starfslýsing
Stjórnandi 2	Yfirsjúkrabjálfi	Yfirsjúkrabjálfi

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga		
Nýtt starfsheiti	Fyrri starfsheiti	Starfslýsing